

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Stefna, verkefni og mælikvarðar



Reiknistofa bankanna hf.

Höfðatorg, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

www.rb.is



EFNIYFIRLIT

Um samfélagsábyrgð	3
Stefna RB í samfélagsábyrgð	4
Helstu verkefni 2016	9
Mælikvarðar	10



UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Í sinni einföldustu mynd felst samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja og stofnana í því að þau axli ábyrgð á þeim áhrifum sem þau hafa á fólk og umhverfið. Ábyrg félög eru þau sem með markvissum hætti skipuleggja starfsemi sína þannig að þau skaði ekki samfélagið og umhverfið heldur hafi jákvæð áhrif á þróun samfélagsins. Hugtakið samfélagsábyrgð hefur þróast frá því að snúast aðallega um góðgerðarmál yfir í að snerta alla þætti starfseminnar. Samfélagsábyrgð snýst því ekki eingöngu um hvernig fyrirtækin ráðstafa hagnaðinum heldur einnig hvernig þau starfa til að ná fram hagnaðarkröfum. Viðskiptasiðferði, umhverfismál, vinnuvernd, mannréttindi og aðgerðir gegn spillingu eru lykilhugtök þegar kemur að samfélagsábyrgð (tekið af vef Festu, www.festasamfelagsabyrgd.is).

People, planet and profit

Þegar fjallað er um þrjár helstu stoðir sjálfbærni eru gjarnan notuð orðin People, planet og profit. Stoðirnar eru þá samfélagið (social = People), umhverfið (environmental or ecological = Planet) og efnahagur (financial = Profit). Oft er talað um „þéin“ 3 (3Ps) og standa þau fyrir eftirfarandi:

People

Hér er átt við það hvernig fyrirtækið umgengst sýna helstu hagsmunaaðila m.t.t. sanngirni og hagsmuna þessara aðila. Þessir hagsmunaaðilar geta verið starfsfólk, eigendur og samfélagið sjálft. Fyrirtæki sem leggur áherslu á samfélagsábyrgð spáir t.d. í því hvernig komið er fram við fólk í öllu framleiðsluferli þeirrar vöru sem það er að selja. Má þar nefna sem dæmi kaffihús sem selur kaffi, það ætti að spyrja sig hvort kaffið sé upprunalega unnið í samræmi við Fair Trade eða með barnaþrælkun. Dæmi um sanngirni og hagsmuni í þessu samhengi eru laun, vinnutími og vinnuálag, heilsa, menntun/þekking o.fl. Eins er átt við hvað fyrirtækið gefur til samfélagsins sem það starfar í.

Planet

Hér er átt við vinnuaðferðir fyrirtækja sem stuðla að sjálfbærni er varðar náttúruna og verndun hennar. Fyrirtæki sem leggur áherslu á samfélagsábyrgð reynir að gera hlutina án þess að skaða náttúruna. Dæmi um þætti sem hafa áhrif á umhverfið eru nýting orku, óendurvinnanlegar umbúðir eða úrgangur. Huga þarf að líftíma vöru þ.e. frá “fæðingu” til “grafar”. Til lengri tíma skila umhverfisvænar vinnuaðferðir sér í auknum hagnaði.

Profit

Hér er átt við að hagnaður er efnahagsleg verðmæti búin til af fyrirtækinu að frádregnum kostnaði af öllum aðföngum, þ.m.t. kostnaði við fjárbindingu. Í upprunalegu hugmyndinni um hagnað tengt sjálfbærni þá er hagnaður eitthvað sem skilar alvöru efnahagslegum ávinningi fyrir samfélagið og umhverfið.



STEFNA RB Í SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Megin starfsemi RB hefur samfélagsleg áhrif en fyrirtækið ber ábyrgð á grunnstoðum greiðslumiðlunar landsins og tryggir uppítíma og rekstur á fjölmörgum upplýsingatæknikerfum sem eru forsenda þess að fjármálastarfssemi landsins gangi vel fyrir sig. Bæði greiðslumiðlun og fjármálastarfssemi eru gríðarlega mikilvægir þættir í hagkerfum þjóða og því nálgast RB rekstur og þróun kerfa sem markaðurinn treystir á með öryggi og fagmennsku að leiðarljósi.

Lög og siðferði eru hluti af grunnþáttum samfélagsábyrgðar. RB starfar eftir lögum og reglum auk þess að starfa eftir eigin siðareglum. Sátt Samkeppniseftirlitsins við eigendur RB er hluti af þeim regluramma sem fyrirtækið starfar eftir. Sérstök áhersla er lög á að umgangast lög og reglur sem snúa að vinnuumhverfi starfsmanna á ábyrgan hátt s.s. gagnvart réttindum starfsfólks, vinnurétti o.s.frv.

RB tekur þátt í samstarfi sem snertir samfélagsábyrgð í gegnum Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, en RB varð aðili að Festu árið 2015.

Áherslur RB í samfélagsábyrgð eru lagðar út frá þeim þremur þáttum sem oft eru notaðar til að lýsa þremur helstu stoðum sjálfbærni en það eru fólk (People), umhverfið (Planet) og efnahagslegur ávinningur (Profit).

Fólk (People)

Starfsfólk

RB lítur svo á að þekking, færni, geta og vilji starfsfólks sé ein stærsta auðlind fyrirtækisins. RB stefnir að því að vera eftirsóttur vinnustaður og leggur áherslu á að hæfni starfsmanna fái að njóta sín sem best.

Í starfsmannstefnu kemur fram að laun og önnur starfskjör eru samkeppnishæf og í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til starfsmanna og frammistöðu hvers og eins. Hver starfsmaður er metinn að eigin verðleikum, óháð kyni, aldri, trúarbrögðum, kynhneigð, kynþætti eða öðrum þáttum sem geta aðgreint starfsfólk. Jafnrétti er eðlilegur hluti af starfsemi og starfsháttum fyrirtækisins og starfar RB eftir sérstakri jafnréttisstefnu. Auk þess hefur fyrirtækið mótað sér stefnu í málum sem tengjast einelti og kynferðislegri áreitni þar sem kveðið er á að allir starfsmenn eigi rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og starfsumhverfi þeirra einkennist af öryggi og vellíðan. Eins leggur RB mikla áherslu á jafnvægi á milli vinnu og einkalífs en rannsóknir sýna að það skilar sér í meiri starfsánægju og framlegð starfsfólks. Nálgast má starfsmannstefnu, jafnréttisstefnu og stefnu í málum sem tengjast einelti og kynferðislegri áreitni á ytri vef RB.

RB leggur mikla áherslu á heilsuvernd starfsfólks og fyrirbyggjandi aðgerðir því tengt. Starfsfólk hefur aðgang að trúnaðarlækni einu sinni í viku sér að kostnaðarlausu auk þess sem reglulega er boðið upp á heilsufarsmælingar og bólusetningar. Starfsfólk hefur einnig aðgang að vinnusálfræðingi og ýmissi þjónustu tengt vinnuvernd. Þá á starfsfólk kost á árlegum íþróttastyrk sem og styrk í sjúkrapjálfun. RB hefur gert samning við íslensk-sænska heilbrigðisfyrirtækið Sidekick Health um kaup á nýrri vöru fyrirtækisins. Varan nefnist Sidekick og innifelur meðal annars app sem eflir heilsu og vellíðan



starfsfólks. Starfsfólk hefur þar með tækifæri til að sameina heilsueflingu og leik á vinnutíma. Um er að ræða fyrirbyggjandi heilsueflingu gegn hinum ýmsu lífsstílsjúkdómum.

RB innleiddi árið 2013 vistvæna samgöngustefnu þar sem starfsfólk á kost á því að gera samgöngusamning við fyrirtækið. Starfsfólk nýtir sér þá vistvænan samgöngumáta og eflir lýðheilsu í leiðinni. Tengt vistvænu samgöngustefnunni þá hefur starfsfólk á samgöngusamning aðgang að Snattbílum sem eru staðsettir í sama húsnæði og RB, auk þess sem allt starfsfólk RB hefur aðgang að snatthjólum og geta því hjólað á fundi ef svo ber undir. Auk þess hefur starfsfólk aðgang sturtum, þurrkherbergi og hjólageymslu, sem hentar vel fyrir þá sem vilja fara út að hlaupa á daginn og hjóla til að geyma hjólin sín og þurrka blaut föt yfir daginn. Innan starfsmannafélags RB, SRB, eru ýmsir íþróttahópar starfræktir og má þar nefna gönguhóp, hlaupahóp, hjólréiðahóp, golfhóp, veiðihóp o.fl.

Innan RB er mikil tónlistarmenning og starfa fjölmargar mismunandi hljómsveitir og sönghópar innan fyrirtækisins. Má þar nefna stórsveit, popp/rokkveit, ukulele sveit, kór o.fl. RB hefur staðið á bak við tónlistarfólkið með kaupum á ýmsum búnaði og hljóðfærum, auk þess að halda viðburði reglulega og má þar nefna að RB hélt Off Venue tónleika á Iceland Airwaves 2015 þar sem tónlistarfólk úr fyrirtækinu kom fram.

Samfélagið

Eins og áður segir þá hefur RB samfélagsleg áhrif með því að bera ábyrgð á grunnstoðum greiðslumiðlunar landsins og tryggja uppítíma og rekstur á fjölmörgum upplýsingatæknikerfum sem eru forsenda þess að fjármálastarfssemi landsins gangi vel fyrir sig.

Að öðru leiti tekur RB þátt í og styrkir samfélagsverkefni á ýmsan hátt. Þó má segja að áherslurnar séu með þrennum hætti.

Sjóðurinn „Forritarar framtíðarinnar“ er samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum landsins. Um er að ræða samstarfsverkefni Skema, RB og aðila atvinnulífsins. Sjóðurinn er opinn til umsókna öllum sveitarfélögum og skólum á grunn- og framhaldsskólastigi. Sjóðurinn veitir árlega styrki í formi þjálfunar á kennurum til forritunarkennslu og tölvubúnaðar.

Árlega heldur RB, í samstarfi við Tind hjólréiðafélag og aðra bakhjarla, götuhjólamót sem er orðið eitt stærsta sinnar tegundar á landinu og heitir RB Classic. Með RB Classic vill RB leggja sitt af mörkum til að styðja við bakið á og efla hjólaíþróttina enn frekar, en mikil vakning hefur orðið í þeim efnum á Íslandi undanfarin ár og meðbyrinn mikill.

RB ráðstafar ár hvert ákveðinni fjárhæð sem rennur til hinna ýmsu góðgerðarmála. Aðal áherslan fram að þessu hefur verið á að styrkja börn, svo sem krabbameinssjúk börn o.fl.



Helstu verkefni RB í þessum flokki

Verkefni
Jafnréttisstefna
Stefna RB í málum sem tengjast einelti og kynferðislegri áreitni
Öruggt vinnuumhverfi
Jafnvægi vinnu og einkalífs
Vistvæn samgöngustefna
Heilsuefling <ul style="list-style-type: none">• Heilsusamlegur matur<ul style="list-style-type: none">• SideKick• Bólusetningar• Heilsufarsmælingar (BMI?)• Samstarf við Vinnuvernd<ul style="list-style-type: none">• Vinnusálfræðingur• Trúnaðarlæknir• Íþróttastyrkur• Nudd
Íþróttahópar innan SRB <ul style="list-style-type: none">• Hlaupahópur• Gönguhópur• Golfhópur• Hjólahópur• Veiðihópur• Fótboltahópur
Öflugt tónlistarlíf innanhúss
Styrkir til starfsfólks <ul style="list-style-type: none">• Sjúkraþjálfun• Gleraugnakaup• Augnlæknir• Símastyrkur
Forritarar framtíðarinnar <ul style="list-style-type: none">• Stuðlar að jöfnu kynjahlutfalli í tækni
RB Square Off Venue Airwaves
RB Classic
Styrkir til góðgerðarmála



Umhverfið (Planet)

Samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA) eru horfurnar í sambandi við flesta álagsþætti er hafa áhrif á náttúruna síður en svo uppörvandi. Einkum er útlitið ískyggilegt fyrir þá sök að útblástur mun enn aukast á svæðum þar sem hann hefur verið mikill fyrir. Hið sama gildir um losun gróðurhúsalofttegunda, kemísk efni og úrgang. Þess vegna teljum við hjá RB mikilvægt að hugsa um náttúruna og umgangast hana af eins mikilli virðingu og unnt er.

Við flokkum rusl

Við leggjum mikið upp úr því að flokka rusl og eru flokkunartunnur á öllum kaffistofum og í mötuneyti RB.

Vistvæn samgöngustefna

Samfélagið er sífellt meðvitaðra um þann vanda sem fylgir umferðarþunga í borgum, s.s. öngþveiti, hávaði og mengun. Við viljum leggja okkar af mörkum til að draga úr þessum vanda með því að hvetja starfsfólk til að nýta sér aðra valkosti en einkabíl til og frá vinnu. Í því samhengi bjóðum við upp á samgöngusamning sem felur það í sér að starfsfólk notar vistvænan samgöngumáta. Með þessu stuðlum að bættu umhverfi og eflum lýðheilsu.

Aðgangsstýrð prentun

Til að minnka pappírnotkun fyrirtækisins var fyrir tveimur árum ákveðið að fækka prenturum umtalsvert og hafa þá aðgangsstýrða þannig að ekki er hægt að prenta nema með aðgangskorti. Þetta gerir alla prentun mun markvissari og hefur magn pappírs minnkað umtalsvert í innkaupum á þessum tíma.

Helstu verkefni RB í þessum flokki

Verkefni
Flokka rusl
Vistvæn samgöngustefna
Aðgangsstýrð prentun

Efnahagslegur ávinningur (Profit)

Eins og áður segir þá felur starfsemi RB að mörgu leiti í sér samfélagslega ábyrgð en fyrirtækið ber ábyrgð á greiðslumiðlun landsins og að tryggja uppítíma og rekstur á fjölmörgum upplýsingatæknikerfum. Þá leggur fyrirtækið mikið upp úr ábyrgum og góðum stjórnarháttum og er það hluti af þeirri fagmennsku sem RB vill standa fyrir. Fagmennska er eitt af þremur gildum fyrirtækisins. Góðir stjórnarhættir styrkja innviði fyrirtækja og efla almennt traust gagnvart viðskiptalífinu. Á vefsíðu RB má m.a. finna stjórnháttaryfirlýsingu fyrirtækisins.



Eitt af gildum RB er öryggi og leggjum við mikla áherslu á að starfa eftir verklagsreglum í gæðahandbók og tryggja að þjónusta okkar sé ávallt bæði áreiðanleg og örugg. Innan fyrirtækisins er starfrækt öryggisnefnd sem hefur yfirumsjón með skipulagi við stjórnun upplýsingaöryggis hjá RB. Markmið nefndarinnar er að tryggja gæði þjónustu og að skipulag við stjórnun upplýsingaöryggis sé í samræmi við upplýsingaöryggisstefnu RB.

Áhersla er lögð á góðan rekstur sem á að skila eigendum arðsemi auk þess að skila þjóðfélaginu tekjum í formi skatta og opinberra gjalda.

Helstu verkefni RB í þessum flokki

Verkefni
Greiðslumiðlun
Góðir stjórnarhættir
Öryggisnefnd
Fjárhagslegir mælikvarðar (hagnaður, tekjur)



HELSTU VERKEFNI 2016

Lagt er til að eftirfarandi verkefni sem tengjast samfélagsábyrgð verði skoðuð árið 2016 og myndaður verði þverfaglegur hópur innan RB sem hefur það hlutverk að fjalla um samfélagsábyrgð. Hópurinn mun meta þessi verkefni og hvernig best er að taka þau áfram ásamt því að skoða og ákveða mælikvarða fyrir helstu samfélagsverkefni sem unnin eru innan RB.

Verkefni

Verkefni
Umhverfisvæn innkaup á hreinlætisvörum
Vistvæn innkaup á matvöru
Umhverfisvæn notkun rafmagns
Engin drykkjarpappamál
Flokkun sorps
Endurnýja sendlabíl RB, skipta yfir í vistvænni bíl
Hópur um samfélagsábyrgð
Fræðsla
Matarsóun
Ruslafötur burt
Innkaupastefna skoðuð
Styrkir til góðgerðarmála <ul style="list-style-type: none">Vinnuframlag starfsfólks í góðgerðarmál – frí á móti, fá hugmyndir í gegnum innri vef



MÆLIKVARÐAR

Ákveðið hefur verið að byrja einfalt og halda utan um samtals 6 mælingar til að byrja með. Bæta svo við eftir þörfum.

Þessar mælingar eru:

Verkefni	Stoð	Mælikvarði
Jafnréttisstefna	People	Jafnlaunavottun
Vistvæn samgöngustefna	People/Planet	Fjöldi á samgöngusamning
Styrkir til góðgerðarmála <ul style="list-style-type: none">Vinnuframlag starfsfólks í góðgerðarmál – frí á móti	People	Vinnustundir sem nýttar eru í góðgerðarstarfssemi - Tempo